

Ed.

492. Frumvarp til laga

[190. mál]

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

5. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Eindagi hundraðsgjaldsins er sá sami sem á útsvörum. Sóknarnefndir sjá um innheimtu gjaldsins. Innheimtumönnum sveitarsjóða er skylt að innheimta hundraðsgjaldið gegn venjulegum innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgir því svo hljóðandi greinargerð:

Samkvæmt núgildandi lögum er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og innheimtumönnum sveitarsjóða í hreppum skylt að innheimta gjald þetta, ef sóknarnefnd óskar, og hefur það víða í kaupstöðum verið innheimt með manntalsbókargjöldum. Gjaldið er miðað við útsvör og er því ekki tilbúið til innheimtu fyrr en útsvör hafa verið lögð á og gjaldið hefur verið reiknað út eftir þeim.

Eðlilegast þykir, að sóknarnefndir sjái um innheimtu gjaldsins áfram, en nú, eftir að innheimtumenn ríkissjóðs fá aðstoð hraðvirkra bókhaldsvéla til útreiknings og innheimtu á manntalsbókargjöldum, sem gerir þeim mögulegt að halda manntalsþing miklu fyrr en undanfarið og að hefja innheimtu fyrr, verður að skilja kirkjugarðsgjöldin frá manntalsbókargjöldunum, af því að útsvörin, sem þau eru reiknuð eftir, eru ekki kunn svo snemma, að þau geti fylgt hinum manntalsbókargjöldunum. Verður þá innheimta kirkjugarðsgjaldanna aukaerfiði og aukakostnaður að öllu leyti hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, og ekkert er unnið við það, að þeir hafi hana með höndum. Hins vegar verður innheimta þeirra miklu eðlilegri með útsvörum, og er þess vegna í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að innheimtumenn kaupstaða framkvæmi innheimtu kirkjugarðsgjaldsins, ef sóknarnefnd óskar.

Í gildandi lögum eru innheimtulaunin ákveðin 6%, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir venjulegum innheimtulaunum, sem nú munu yfirleitt vera lægri en 6%.